

Ráðstöfunartekjur og húsnæðiskostnaður 2011

Disposable income and housing cost 2011

Samantekt Árið 2011 vörðu 11,3% Íslendinga yfir 40% ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað. Þeir sem voru líklegastir til að búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað voru ungt fólk, þeir sem bjuggu í óniðurgreiddu leiguhúsnæði, bjuggu einir eða voru í lægsta tekjufimmtungi.

Húsnæðiskostnaður var rúmlega 18% ráðstöfunartekna hjá Íslendingum árið 2011. Leigjendur húsnæðis greiddu hærra hlutfall ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað en eigendur.

Hlutfall fólks sem glímdi við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2010 var lægra í 18 Evrópuríkjum en á Íslandi. Danir voru með hæsta hlutfallið en Kýpur- búar með það lægsta. Íbúar 20 Evrópuþjóða greiða lægra hlutfall ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað en Íslendingar. Danir greiða hæsta hlutfallið en Malt-verjar það lægsta.

Inngangur

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri rannsókn ESB, EU-SILC.

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífsskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC) og byggist hún á alþjóðlegum skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við lífsskjararannsóknir í öðrum löndum EES. Í þessari útgáfu er horft til húsnæðiskostnaðar og byrði hans fyrir íslensk heimili og notuð sömu viðmið og hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) beitir við útreikninga á þessum þáttum. Til húsnæðiskostnaðar teljast húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna- og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði áður en hlutfall hans af ráðstöfunartekjum er reiknað. Ráðstöfunartekjur eru samanlagðar heildartekjur allra heimilismanna að meðtöldum öllum félagslegum greiðslum öðrum en húsaleigu- og vaxtabótum. Í kaflanum *Skýringar og hugtök* má sjá lýsingar á hugtökum sem koma við sögu í heftinu. Allt talnaefni sem tengist þessum Hagtíðindum má finna á vefsíðu Hagstofu Íslands www.hagstofa.is.




Húsnæðiskostnaður sem hlutfall ráðstöfunartekna

Íslendingar greiddu að meðaltali 18,1% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði.

Árið 2011 greiddu Íslendingar að meðaltali 18,1% af ráðstöfunartekjum sínum (skýring 1) í kostnað við húsnæði. Hlutfallið var hæst árið 2006 en fór þá niður á við en hefur aftur hækkað frá árinu 2009.

Mynd 1. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum

Figure 2. Share of housing cost in disposable income




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum er $\pm 0,5$. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat miðast ártölin í töflunni við það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskráum ársins á undan. CI (95%) 2011: Share of housing cost $\pm 0,5$. According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Leigjendur greiddu hærri hlutfall tekna í húsnæði en eigendur.

Árið 2011 greiddu leigjendur hærri hlutfall tekna sinna í húsnæði en eigendur eða að meðaltali 22,3% samanborið við 17,2% hjá eigendum. Við nánari greiningu má sjá að leigjendur í óniðurgreiddu húsnæði greiða hæst hlutfall tekna sinna í húsnæði, 24,9% að meðaltali. Eigendur sem borga af húsnæðislánum verja að jafnaði 18,7% tekna í húsnæði sem er svipað og hjá leigjendum í niðurgreiddu húsnæði, en þeir borga 18,9%. Sambærilegt hlutfall hjá eigendum í skuldlausu húsnæði er 10,6%.

Mynd 2. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum hjá eigendum og leigjendum


Figure 2. Share of housing cost in disposable income for owners and tenants



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall húsnæðiskostnaðar hjá eigendum er $\pm 0,5$ og hjá leigjendum $\pm 1,5$. See figure 1. CI (95%) 2011: Share of housing cost for owners is $\pm 0,5$ and for tenants $\pm 1,5$.

Mynd 3. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum eftir stöðu á fasteignamarkaði

Figure 3. Share of housing cost in disposable income by tenure status




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall húsnæðiskostnaðar hjá eigendum í skuldlausu húsnæði er $\pm 0,8$, hjá eigendum með fasteignalán er $\pm 0,7$, hjá leigjendum sem borga markaðsverð $\pm 1,9$ og hjá leigjendum sem borga niðurgreidda leigu $\pm 2,3$. See figure 1. CI (95%) 2011: Share of housing cost for owners without mortgage is $\pm 0,8$, for owners with mortgage $\pm 0,7$, for tenants paying market price $\pm 1,9$ and for tenants paying reduced price $\pm 2,3$.

20 Evrópuþjóðir af 30 greiða lægra hlutfall tekna í húsnæði en Íslendingar.

Árið 2010 voru Íslendingar í 21. sæti þegar Evrópuþjóðum er raðað frá þeirri sem greiðir lægsta hlutfall tekna sinna í húsnæðiskostnað til þeirrar sem greiðir hæsta hlutfallið. Danir eru sú þjóð sem greiðir hæst hlutfall ráðstöfunartekna sinna í húsnæði, 28,6% að meðaltali en Maltverjar eru með lægsta hlutfallið, 6%.

Mynd 4. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum, evrópskur samanburður

Figure 4. Share of housing cost in disposable income, European comparison



Heimild Source: Eurostat.


Byrði húsnæðiskostnaðar

11,3% Íslendinga bjuggu við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2011.

Árið 2011 bjuggu 11,3% Íslendinga á heimilum þar sem húsnæðiskostnaður (skýring 4) var verulega íþyngjandi (e. *overburden*). Það merkir að 11,3% fólks greiddi 40% eða meira af ráðstöfunartekjum sínum (skýring 1) í húsnæðiskostnað. Hlutfallið var hæst árið 2006, 14,3%.

Mynd 5. Hlutfall Íslendinga með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað


Figure 5. Percentage of people with housing cost overburden



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað er $\pm 1,3$. See figure 1. CI (95%) 2011: Percentage of people with housing cost overburden ± 1.3 .

Mynd 6. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður hjá eigendum og leigjendum

Figure 6. Housing cost overburden for owners and tenants




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður hjá eigendum er $\pm 1,4$ og hjá leigjendum $\pm 3,4$. See figure 1. CI (95%) 2011: Share of housing cost overburden for owners is ± 1.4 and for tenants ± 3.4 .

18,6% leigjenda sem borga markaðsverð búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Árið 2011 bjuggu 10% húseigenda við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað og 16,4% leigjenda. Við nánari greiningu má sjá að 18,6% leigjenda sem borguðu markaðsverð höfðu verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað en 13,7% þeirra sem fengu niðurgreidda leigu. Meðal húseigenda sem borguðu af húsnæðislánum bjuggu 10,8% við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað en 6,5% þeirra sem bjuggu í skuldlausu húsnæði. Hlutfallið jókst í öllum hópum milli ára 2010 og 2011.

Mynd 7. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir stöðu á fasteignamarkaði

Figure 7. Housing cost overburden by tenure status




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað er $\pm 2,3$, hjá eigendum með fasteignalán er $\pm 1,6$, hjá leigjendum sem borga markaðsverð $\pm 4,8$ og hjá leigjendum sem borga niðurgreidda leigu $\pm 4,5$. See figure 1. CI (95%) 2011: Percent of people with housing cost overburden for owners without mortgage is $\pm 2,3$, for owners with mortgage $\pm 1,6$, for tenants paying market price $\pm 4,8$ and for tenants paying reduced price $\pm 4,5$.

Þeir sem bjuggu einir voru með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað umfram aðra

Þeir sem bjuggu einir voru með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2011 umfram aðra. Hlutfallið var 24,5% hjá þeim sem bjuggu einir og 21,3% hjá einstæðum foreldrum (skýring 5). Á heimilum með tvo fullorðna og tvö börn voru 11,2% með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað en 4,9% á heimilum tveggja fullorðinna án barna.

Mynd 8. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir heimilisgerð

Figure 8. Housing cost overburden by household types




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað er hjá einstæðu foreldri $\pm 6,7$, hjá einstaklingi sem býr einn $\pm 4,1$, hjá tveimur fullorðnum með tvö börn $\pm 3,2$ og hjá tveimur fullorðnum án barna $\pm 2,4$. See figure 1. CI (95%) 2011: Percent of people with housing cost overburden for one adult with child(ren) is $\pm 6,7$, for one adult $\pm 4,1$, for two adults with two children $\pm 3,2$ and for two adults without children $\pm 2,4$

Því lægri aldur fullorðinna á heimili því hærra hlutfall bjó við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað.

Eftir því sem meðalaldur fullorðinna heimilismanna (skýring 5) var lægri voru meiri líkur á að viðkomandi byggji við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Hlutfallið jókst hjá öllum aldurshópum milli árana 2010 og 2011. Í aldurshópnum yngri en 30 ára var hlutfallið 18,6% en 7,4% hjá 65 ára og eldri.

Mynd 9. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir aldri

Figure 9. Housing cost overburden by age




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað er hjá yngri en 30 ára $\pm 4,7$, hjá 30-39 ára $\pm 2,7$, hjá 40-64 ára $\pm 1,6$ og hjá 65 ára og eldri $\pm 2,5$. See figure 1. CI (95%) 2011: Percent of people with housing cost overburden for less than 30 years old $\pm 4,7$, for 30-39 $\pm 2,7$, for 40-64 $\pm 1,6$ and for 65 and older $\pm 2,5$

Því lægri tekjur því þyngri var byrði húsnæðiskostnaðar.

Ekki ætti að koma á óvart að því lægri tekjur sem fólk hafði því þyngri var byrði húsnæðiskostnaðar. Það veður þó athygli hversu mikið lægsti tekjufimmtungurinn sker sig úr að þessu leyti því 32% fólks í þessum hópi bjó við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað en 6,9% í miðjufimmtungi og 3,3% í hæsta fimmtungi.

Mynd 10. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður hjá ólíkum tekjufimmtungum

Figure 10. Housing cost overburden for different income quintiles




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hlutfall fólks með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað er hjá lægsta tekjufimmtungi $\pm 4,4$ hjá þriðja fimmtungi $\pm 2,3$ og hjá hæsta fimmtungi $\pm 1,6$. See figure 1. CI (95%) 2011: Percent of people with housing cost overburden for the lowest income quintile $\pm 4,4$, for the third quintile $\pm 2,3$ and for the highest quintile $\pm 1,6$

Meðal 30 Evrópuþjóða voru 18 með lægra hlutfall verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaðar en Íslendingar.

Árið 2010 bjuggu 9,6% Íslendinga við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað, en þá voru 18 Evrópuþjóðir af 30 með lægra hlutfall. Nýrri upplýsingar eru ekki tiltækar fyrir aðrar þjóðir og þess vegna er árið 2010 notað til samanburðar. Danir voru með hæst hlutfall þeirra sem bjuggu við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað árið 2010 eða 21,9%. Lægstir voru Kýpurbúar með 2,5%.

Mynd 11. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður árið 2010, evrópskur samanburður

Figure 11. Housing cost overburden in 2010, European comparison



Heimild Source: Eurostat.

Úrtak

Svarhlutfall var 75% og svör fengust frá 8.855 einstaklingum á 3.018 heimilum árið 2011.

Úrtak lífsskjararannsóknarinnar 2011 var 4.310 heimili. Eftir að þeir sem eru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.015 heimili. Svör fengust frá 3.018 þessara heimila sem er 75% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.855 einstaklinga. Lífsskjararannsóknin var framkvæmd 1. mars til 4. maí árið 2011.

Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Húsaleigubætur og vaxtabætur teljast þó ekki til ráðstöfunartekna í þeirri skilgreiningu sem notast er við í þessu hefti þar sem þessir liðir dragast frá húsnæðiskostnaði. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Húsaleigubætur og vaxtabætur* Við útreikninga á byrði húsnæðiskostnaðar dragast húsaleigubætur og vaxtabætur frá húsnæðiskostnaði samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins en teljast ekki til tekna.
4. *Húsnæðiskostnaður* Eftirfarandi liðir teljast til húsnæðiskostnaðar, húsaleiga, vaxtakostnaður og verðbætur vegna lána, viðhald, viðgerðir, bruna-, og fasteignatrygging, rafmagn, hiti og fasteignagjöld. Húsaleigubætur og vaxtabætur eru dregnar frá húsnæðiskostnaði hjá þeim sem fá slíkar bætur greiddar.
5. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
6. *Öryggisbil* Lífsskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil $\pm 1,2$ eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þess öryggisbils sem gefið er upp. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.
7. *Könnunarár og tekjuár* Upplýsingum fyrir lífsskjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við framkvæmd Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár, það ár sem lífsskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur og afborganir vaxta og verðbóta eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

In 2011, 11.3% of the Icelandic population lived in a household with housing cost which was over 40% of their disposable income. The housing cost overburden rate was highest for those who live alone, for young people, for people in the lowest income quintile or tenants who pay market rent.

Housing cost was just over 18% of disposable income in Iceland in 2011. Tenants used higher proportion of their income in housing than owners.

In 2010, 18 European nations had lower housing cost overburden rate than Iceland. The rate was highest in Denmark and lowest in Cyprus. People in 20 European nations spent lower proportion of their income in housing cost than in Iceland. Danes use highest proportion of their income on their dwellings and Maltese the lowest.

Tafla 1. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum eftir stöðu á fasteignamarkaði
 Tafla 1. *Share of housing cost in disposable income by tenure status*

| | Hlutfall <i>Rate</i> | | | | | | | | 2011 | |
|---|----------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|---------------------------|---|
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i> |
| Alls <i>Total</i> | 16,9 | 18,3 | 18,7 | 16,6 | 16,5 | 16,4 | 17,5 | 18,1 | ± 0,5 | 300.800 |
| Eigandi <i>Owner</i> | 17,0 | 18,6 | 19,0 | 16,5 | 16,3 | 16,0 | 17,1 | 17,2 | ± 0,5 | 234.200 |
| Eigandi, skuldlaust <i>Owner, no mortgage</i> | 12,2 | 12,5 | 13,7 | 10,7 | 10,1 | 10,1 | 9,4 | 10,6 | ± 0,8 | 45.500 |
| Eigandi, lán <i>Owner, with mortgage</i> | 17,9 | 19,8 | 20,2 | 17,4 | 17,5 | 17,2 | 18,4 | 18,7 | ± 0,7 | 188.700 |
| Leigjandi <i>Tenant</i> | 16,4 | 17,0 | 16,8 | 18,1 | 19,5 | 20,1 | 19,8 | 22,3 | ± 1,5 | 66.500 |
| Leigjandi, markaðsverð <i>Tenant, market price</i> | 19,7 | 21,6 | 21,4 | 19,9 | 23,8 | 22,6 | 22,6 | 24,9 | ± 1,9 | 33.200 |
| Leigjandi, lækkað verð <i>Tenant reduced price</i> | 13,1 | 12,2 | 14,3 | 15,5 | 15,4 | 15,3 | 14,2 | 18,9 | ± 2,3 | 33.300 |

Skýringar *Notes:* Sjá mynd 1. *C.f. mynd 1.*

Tafla 2. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir stöðu á fasteignamarkaði
 Tafla 2. *Housing cost overburden by tenure status*

| | Hlutfall <i>Rate</i> | | | | | | | | 2011 | |
|---|----------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|-------------|---------------------------|---|
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i> |
| Alls <i>Total</i> | 10,3 | 12,5 | 14,3 | 10,5 | 11,4 | 9,5 | 9,6 | 11,3 | ± 1,3 | 33.000 |
| Eigandi <i>Owner</i> | 10,2 | 12,7 | 15,1 | 10,9 | 11,3 | 8,9 | 9,0 | 10,0 | ± 1,4 | 23.400 |
| Eigandi, skuldlaust <i>Owner, no mortgage</i> | 6,4 | 7,2 | 7,6 | 6,8 | 5,0 | 4,4 | 3,8 | 6,5 | ± 2,3 | 3.000 |
| Eigandi, lán <i>Owner, with mortgage</i> | 11,3 | 14,1 | 17,2 | 11,8 | 12,6 | 9,9 | 10,1 | 10,8 | ± 1,6 | 20.400 |
| Leigjandi <i>Tenant</i> | 10,6 | 10,8 | 8,4 | 7,8 | 11,5 | 12,6 | 12,6 | 16,4 | ± 3,4 | 9.600 |
| Leigjandi, markaðsverð <i>Tenant, market price</i> | 12,2 | 16,0 | 13,2 | 9,4 | 17,3 | 15,7 | 16,5 | 18,6 | ± 4,8 | 6.100 |
| Leigjandi, lækkað verð <i>Tenant reduced price</i> | 9,0 | 5,6 | 3,6 | 6,3 | 5,1 | 9,0 | 6,7 | 13,7 | ± 4,5 | 3.600 |

Heimild *Source:* Eurostat.

Tafla 3. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir heimilisgerð
 Tafla 3. *Housing cost overburden by household type*

| | Hlutfall <i>Rate</i> | | | | | | | | 2011 | |
|--|----------------------|------|------|------|------|------|------|------|---------------------------|---|
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i> |
| Alls <i>Total</i> | 10,3 | 12,5 | 14,3 | 10,5 | 11,4 | 9,5 | 9,6 | 11,3 | ± 1,3 | 33.000 |
| Heimili án barna <i>Households without dependent children</i> | 10,6 | 12,0 | 10,9 | 10,5 | 11,6 | 10,2 | 10,5 | 12,0 | ± 1,7 | 13.400 |
| Einn á heimili, undir 65 <i>One person household, under 65 years</i> | 20,3 | 24,4 | 19,4 | 21,5 | 22,8 | 22,8 | 24,9 | 30,6 | ± 5,5 | 7.000 |
| Einn á heimili, 65 og eldri <i>One person household, 65 years and over</i> | 13,8 | 13,1 | 14,8 | 15,6 | 13,0 | 10,9 | 10,4 | 13,3 | ± 5,3 | 1.600 |
| Ein á heimili, kona <i>One person household, female</i> | 19,2 | 17,9 | 15,8 | 16,7 | 17,1 | 17,8 | 16,2 | 20,8 | ± 5,5 | 3.600 |
| Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i> | 17,1 | 23,2 | 19,7 | 22,0 | 21,9 | 20,1 | 24,1 | 28,0 | ± 6,0 | 5.100 |
| Einn alls <i>One total</i> | 18,1 | 20,6 | 17,9 | 19,6 | 19,7 | 19,0 | 20,2 | 24,5 | ± 4,1 | 8.600 |
| Tveir fullorðnir undir 65, engin börn <i>Two adults under 65 years, no children</i> | 8,1 | 11,3 | 9,8 | 8,5 | 11,9 | 8,4 | 9,4 | 8,2 | ± 2,5 | 2.900 |
| 2 fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn <i>2 adults, at least one 65+ years, no children</i> | 7,7 | 6,9 | 4,4 | 5,6 | 5,4 | 5,0 | 2,3 | 4,9 | ± 2,4 | 1.200 |
| Önnur barnlaus heimili <i>Other no dependent children</i> | 5,8 | 4,9 | 9,0 | 4,0 | 3,9 | 2,5 | 2,2 | 4,0 | ± 2,7 | 700 |
| Heimili með börn <i>Households with dependent children</i> | 10,1 | 12,9 | 16,2 | 10,6 | 11,2 | 9,0 | 9,1 | 10,9 | ± 1,8 | 19.600 |
| Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent, one or more dependent child</i> | 15,4 | 13,7 | 16,5 | 14,6 | 11,5 | 14,8 | 18,9 | 21,3 | ± 6,7 | 5.100 |
| Tveir fullorðnir með 1 barn <i>Two adults, 1 dependent child</i> | 7,5 | 12,0 | 13,3 | 9,5 | 11,5 | 7,0 | 6,3 | 6,4 | ± 2,7 | 2.200 |
| Tveir fullorðnir með 2 börn <i>Two adults, 2 dependent children</i> | 11,2 | 14,8 | 18,1 | 8,9 | 11,9 | 9,3 | 9,3 | 11,2 | ± 3,2 | 6.000 |
| Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri <i>Two adults, 3 or more dependent children</i> | 11,0 | 14,7 | 20,2 | 12,0 | 14,0 | 11,5 | 9,9 | 12,3 | ± 4,2 | 5.500 |
| Önnur heimili með börn <i>Other households with dependent children</i> | 6,3 | 8,1 | 9,0 | 10,6 | 4,6 | 2,5 | 1,2 | 3,7 | ± 2,4 | 900 |

Skýringar Notes: Sjá mynd 1. C.f. mynd 1.

Tafla 4. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir aldriTafla 4. *Housing cost overburden by age*

| | | | | | | | | | 2011 | |
|---|----------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|-------------|---------------------------|---|
| | Hlutfall <i>Rate</i> | | | | | | | | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i> |
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | | |
| Alls Total | 10,3 | 12,5 | 14,3 | 10,5 | 11,4 | 9,5 | 9,6 | 11,3 | ± 1,3 | 33.000 |
| <30 ára <i>years</i> | 13,5 | 12,9 | 16,4 | 13,7 | 15,7 | 13,7 | 16,6 | 18,6 | ± 4,7 | 6.000 |
| 30–39 ára <i>years</i> | 11,4 | 14,6 | 18,7 | 10,8 | 14,3 | 10,1 | 10,1 | 13,0 | ± 2,7 | 12.100 |
| 40–64 ára <i>years</i> | 8,4 | 11,5 | 12,0 | 10,0 | 8,7 | 8,3 | 8,5 | 9,3 | ± 1,6 | 12.400 |
| 65 ára og eldri <i>65 years and over</i> | 9,9 | 8,7 | 7,2 | 8,0 | 7,5 | 7,4 | 5,4 | 7,4 | ± 2,5 | 2.500 |

Skýringar *Notes: Sjá mynd 1. C.f. mynd 1.***Tafla 5. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður eftir tekjufimmtungum**Tafla 5. *Housing cost overburden by income quintiles*

| | | | | | | | | | 2011 | |
|-------------------|----------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|------------|------------|-------------|---------------------------|---|
| | Hlutfall <i>Rate</i> | | | | | | | | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Esti- mated number</i> |
| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | | |
| Alls Total | 10,3 | 12,5 | 14,3 | 10,5 | 11,4 | 9,5 | 9,6 | 11,3 | ± 1,3 | 33.000 |
| 0–20% | 28,3 | 30,1 | 30,4 | 25,4 | 23,2 | 25,2 | 27,9 | 32,0 | ± 4,4 | 18.000 |
| 20–40% | 8,3 | 8,2 | 12,4 | 7,4 | 9,7 | 7,1 | 7,9 | 9,0 | ± 2,5 | 5.300 |
| 40–60% | 4,8 | 8,7 | 8,9 | 8,5 | 8,9 | 7,2 | 4,6 | 6,9 | ± 2,3 | 4.100 |
| 60–80% | 6,0 | 8,7 | 12,9 | 6,5 | 8,8 | 4,8 | 4,6 | 6,2 | ± 2,2 | 3.700 |
| 80–100% | 4,5 | 7,1 | 6,9 | 5,2 | 6,3 | 3,1 | 3,7 | 3,3 | ± 1,6 | 2.000 |

Skýringar *Notes: Sjá mynd 1. C.f. mynd 1.*

Mynd 6. Hlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum árið 2010, evrópskur samanburður
 Figure 6. Share of housing cost in disposable income in 2010, European comparison

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|--------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|
| Austurríki <i>Austria</i> | 15,4 | 13,1 | 13,2 | 14,0 | 14,3 | 13,8 | 14,2 |
| Belgía <i>Belgium</i> | 17,4 | 16,2 | 16,8 | 16,3 | 18,1 | 15,7 | 16,2 |
| Búlgaría <i>Bulgaria</i> | • | • | 22,2 | 22,7 | 18,4 | 14,7 | 14,6 |
| Krótía <i>Croatia</i> | • | • | • | • | • | • | 19,6 |
| Kýpur <i>Cyprus</i> | • | 12,4 | 9,0 | 8,1 | 7,6 | 7,2 | 7,0 |
| Tékkland <i>Czech Republic</i> | • | 19,6 | 20,2 | 19,9 | 19,7 | 18,7 | 19,1 |
| Danmörk <i>Denmark</i> | • | 24,7 | 24,6 | 24,2 | 26,9 | 29,9 | 28,6 |
| Eistland <i>Estonia</i> | • | 13,3 | 13,2 | 11,5 | 11,4 | 11,8 | 13,5 |
| Finnland <i>Finland</i> | 11,6 | 11,5 | 11,6 | 12,4 | 13,2 | 13,9 | 12,5 |
| Frakkland <i>France</i> | 12,3 | 12,2 | 13,3 | 13,0 | 7,7 | 12,0 | 12,1 |
| Grikkland <i>Greece</i> | 25,4 | 24,7 | 25,5 | 22,4 | 24,0 | 23,7 | 24,2 |
| Ungverjaland <i>Hungary</i> | • | 22,2 | 19,1 | 18,6 | 20,6 | 19,9 | 21,6 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 16,9 | 18,3 | 18,7 | 16,6 | 16,5 | 16,4 | 17,5 |
| Írland <i>Ireland</i> | 7,5 | 8,5 | 8,9 | 9,1 | 9,9 | 10,0 | 11,1 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 14,4 | 14,6 | 14,7 | 12,5 | 12,5 | 11,8 | 11,4 |
| Lettland <i>Latvia</i> | • | 17,4 | 15,1 | 13,9 | 12,5 | 12,9 | 14,5 |
| Litháen <i>Lithuania</i> | • | 15,4 | 14,6 | 12,2 | 11,0 | 12,1 | 14,1 |
| Lúxemborg <i>Luxembourg</i> | 9,1 | 8,7 | 8,9 | 9,0 | 8,3 | 8,7 | 8,1 |
| Malta <i>Malta</i> | • | 4,8 | 6,5 | 6,1 | 5,7 | 6,2 | 6,0 |
| Holland <i>Netherlands</i> | • | 27,9 | 28,0 | 27,1 | 26,0 | 25,4 | 25,9 |
| Noregur <i>Norway</i> | 13,8 | 10,5 | • | 17,9 | 18,9 | 18,2 | 16,3 |
| Portúgal <i>Portugal</i> | • | 20,6 | 19,8 | 18,8 | 17,9 | 17,1 | 17,3 |
| Pólland <i>Poland</i> | 10,5 | 8,4 | 10,3 | 12,8 | 11,7 | 11,3 | 10,4 |
| Rúmenía <i>Romania</i> | • | • | • | 20,8 | 22,4 | 20,3 | 19,9 |
| Slóvakía <i>Slovakia</i> | • | 21,3 | 22,3 | 22,4 | 15,0 | 18,1 | 16,7 |
| Slóvenía <i>Slovenia</i> | • | 9,9 | 10,0 | 10,6 | 11,1 | 11,1 | 11,8 |
| Spánn <i>Spain</i> | 9,3 | 9,6 | 10,1 | 10,3 | 10,8 | 12,3 | 12,6 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 19,2 | 19,5 | 16,5 | 17,1 | 15,8 | 18,8 | 16,7 |
| Sviss <i>Switzerland</i> | • | • | • | • | • | 21,9 | 22,8 |
| Bretland <i>United Kingdom</i> | • | 20,5 | 21,5 | 21,9 | 21,7 | 21,5 | 21,2 |
| Evrópusambandið <i>EU (27)</i> | • | 16,6 | 17,0 | 16,5 | 15,7 | 16,1 | 16,1 |

Skýringar Notes: Sjá mynd 1. C.f. mynd 1.

Tafla 7. Verulega íþyngjandi húsnæðiskostnaður árið 2010, evrópskur samanburður*Table 7. Housing cost overburden in 2010, European comparison*

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|--------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|
| Austurríki <i>Austria</i> | 7,8 | 4,4 | 5,0 | 5,4 | 4,7 | 5,1 | 4,6 |
| Belgía <i>Belgium</i> | 12,6 | 8,6 | 9,8 | 10,1 | 12,5 | 8,7 | 8,9 |
| Búlgaría <i>Bulgaria</i> | • | • | 15,4 | 21,2 | 13,3 | 7,0 | 5,9 |
| Krótía <i>Croatia</i> | • | • | • | • | • | • | 14,0 |
| Kýpur <i>Cyprus</i> | • | 6,6 | 3,0 | 1,7 | 1,8 | 2,4 | 2,5 |
| Tékkland <i>Czech Republic</i> | • | 10,0 | 10,8 | 10,3 | 12,8 | 8,9 | 9,7 |
| Danmörk <i>Denmark</i> | • | 13,6 | 16,1 | 13,4 | 17,1 | 24,2 | 21,9 |
| Eistland <i>Estonia</i> | • | 7,8 | 6,8 | 5,2 | 3,6 | 4,4 | 6,0 |
| Finnland <i>Finland</i> | 3,8 | 3,5 | 3,7 | 4,7 | 4,7 | 4,4 | 4,2 |
| Frakkland <i>France</i> | 5,4 | 5,3 | 6,0 | 5,7 | 3,4 | 3,4 | 5,2 |
| Grikkland <i>Greece</i> | 24,7 | 22,7 | 24,6 | 16,0 | 22,2 | 21,8 | 18,1 |
| Ungverjaland <i>Hungary</i> | • | 18,1 | 12,3 | 10,9 | 11,6 | 8,9 | 11,3 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 10,3 | 12,5 | 14,3 | 10,5 | 11,4 | 9,5 | 9,6 |
| Írland <i>Ireland</i> | 2,2 | 2,7 | 2,5 | 3,1 | 3,3 | 4,0 | 5,7 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 12,8 | 12,7 | 12,3 | 7,6 | 8,1 | 7,5 | 7,5 |
| Lettland <i>Latvia</i> | • | 12,6 | 10,3 | 9,0 | 8,4 | 8,6 | 9,4 |
| Litháen <i>Lithuania</i> | • | 9,0 | 6,9 | 4,8 | 4,8 | 5,5 | 10,6 |
| Lúxemborg <i>Luxembourg</i> | 4,5 | 3,8 | 4,8 | 3,9 | 3,7 | 3,7 | 4,7 |
| Malta <i>Malta</i> | • | 1,8 | 1,8 | 2,4 | 3,2 | 2,7 | 3,3 |
| Holland <i>Netherlands</i> | • | 20,2 | 19,7 | 18,3 | 13,7 | 13,1 | 14,0 |
| Noregur <i>Norway</i> | 8,2 | 4,3 | 10,8 | 12,9 | 12,5 | 10,9 | 9,1 |
| Portúgal <i>Portugal</i> | • | 16,5 | 12,0 | 10,5 | 9,7 | 8,2 | 9,1 |
| Pólland <i>Poland</i> | 4,7 | 4,3 | 4,5 | 7,4 | 7,6 | 6,1 | 4,2 |
| Rúmenía <i>Romania</i> | • | • | • | 18,4 | 18,7 | 15,3 | 15,0 |
| Slóvakía <i>Slovakia</i> | • | 14,6 | 16,4 | 18,9 | 5,6 | 9,4 | 7,6 |
| Slóvenía <i>Slovenia</i> | • | 4,7 | 3,0 | 5,0 | 4,4 | 3,9 | 4,3 |
| Spánn <i>Spain</i> | 4,2 | 4,3 | 6,0 | 6,8 | 8,0 | 10,9 | 11,2 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 9,2 | 9,2 | 9,6 | 7,9 | 8,1 | 9,6 | 6,5 |
| Sviss <i>Switzerland</i> | • | • | • | • | • | 12,6 | 14,0 |
| Bretland <i>United Kingdom</i> | • | 14,7 | 16,4 | 16,3 | 16,3 | 16,3 | 16,5 |
| Evrópusambandið <i>EU (27)</i> | • | 11,3 | 11,5 | 10,5 | 10,1 | 9,8 | 10,1 |

Heimild Source: Eurostat.

Hagtföldi Laun, tekjur og vinnumarkaður Statistical Series *Wages, income and labour market*

97. árg. • 17. tbl.

ISSN 0019-1078

2012:8

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series